

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – September 2022

Skráð atvinnuleysi í september var 2,8% og minnkaði um 0,3 prósentustig frá ágúst

Skráð atvinnuleysi var 2,8% í september og minnkaði úr 3,1% í ágúst. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 600 frá ágústmánuði.

Að meðaltali voru 5.409 atvinnulausir í september, 2.984 karlar og 2.425 konur.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í september eða 4,8% og minnkaði úr 5,3% í ágúst. Næst mest var atvinnuleysið 3,2% á höfuðborgarsvæðinu.

Minnst var atvinnuleysi í september á Norðurlandi vestra 0,7%, á Austurlandi 1,1%, á Vesturlandi 1,2% og á Vestfjörðum 1,3%.


Alls voru 2.505 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok september og fækkaði um 195 frá ágúst.

Í september 2022 gaf Vinnumálastofnun út 509 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 424 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 278 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 231 leyfi var framlengt.

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 35 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í september 2022 með samtals 255 starfsmenn.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi muni ekki breytast mikið í október eða aukast lítillega og vera á bilinu 2,8% til 3,1%.

Próun atvinnuleysis sept. 2020 til sept. 2022



Atvinnuástand eftir landshlutum


Á höfuðborgarsvæðinu minnkaði atvinnuleysi um 0,2 prósentustig og var 3,2% í september. Atvinnuleysi á landsbyggðinni sem heild minnkaði um 0,3 prósentustig frá ágúst og var 2,2% í september. Atvinnuleysi á landinu öllu minnkaði um 0,3 prósentustig frá ágúst og var 2,8% í september.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í september eða 4,8% og minnkaði úr 5,3% í ágúst. Næst mest var atvinnuleysið 3,2% á höfuðborgarsvæðinu. Í flestum landshlutum dró úr atvinnuleysi í september en engar breytingar voru milli mánaða á Norðurlandi vestra

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 0,7%, á Austurlandi 1,1%, á Vesturlandi 1,2% og á Vestfjörðum 1,3%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum ágúst og september.

Almennt atvinnuleysi eftir landshlutum




Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á þremur svæðum, á höfuðborgarsvæðinu þar sem það var 3,2% meðal karla og 3,1% meðal kvenna, Vestfjörðum þar sem það var 1,5% meðal karla og 1,1% meðal kvenna, á Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi karla var 0,9%

og atvinnuleysi kvenna 0,6%. Á Austurlandi var atvinnuleysi karla og kvenna jafnt 1,1%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í september.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 5.638 í lok september, 3.042 karlar og 2.596 konur og fækkaði atvinnulausum körlum um 237 frá ágústlokum og atvinnulausum konum fækkaði um 243.

Alls voru 402 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok september og hefur þeim fækkað um 38 frá ágústlokum.

Lengd á skrá

Alls höfðu 2.279 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok september og fækkað um 116 frá ágúst. Hins vegar voru þeir 4.598 í septemberlok 2021.

Þeim sem hafa verið atvinnulausir í 6-12 mánuði fækkaði frá ágúst um 205 og voru 1.694 í lok september. Í lok september 2021 var þessi fjöldi hins vegar 2.304.


Atvinnugreinar

Atvinnulausum í lok september fækkaði í nær öllum atvinnugreinum frá lokum ágúst. Mest var hlutfallsleg fækkun atvinnulausra í menningartengdri starfsemi um 21% en í flestum atvinnugreinum fækkaði atvinnulausum á bilinu 15% til 18% t.d. í ferðaþjónustu, opinberri þjónustu, framleiðsluþnaði og við sjávarútvegstörf.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar


Alls voru 2.505 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok september og fækkaði um 195 frá ágúst. Þessi fjöldi samsvarar um 5,8% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Almenn var fækkunin á bilinu 13% til 18%, t.d. í ferðaþjónustu, sjávarútvegi, iðnaði og í ýmiss konar þjónustu. Í menningartengdri þjónustu nam fækkunin um 23%. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 44% í september.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá, þróun síðustu 2 ár



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.242 sem er um 50% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar, Lettar og Spánverjar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok sept. 2022



Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur


Atvinnuleyfi

Í september 2022 gaf Vinnumálastofnun út 509 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 424 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum

leyfum voru 278 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 231 leyfi var framlengt.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í september, hvort sem var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérstakra ástæðna eða 153 leyfi. Þá voru gefin út 115 sérfræðileyfi og 110 námsmannaleyfi. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í september voru flest leyfi gefin út vegna sérfræðistarfa eða 36%, 23% vegna starfa verkafólks og eins 23% vegna þjónustustarfa. Um 19% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í september
2022



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleygur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 35 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í september 2022 með samtals 255 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleyga, innlendra og erlendra samtals 764 í september á vegum 17 starfsmannaleyga. Flestir starfsmenn starfsmannaleyga komu frá Póllandi eða 51%, 21% frá Lettlandi og 13% frá Litháen. Þeir sem eftir standa eða um 15% starfsmanna komu frá 10 öðrum ríkjum.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra